



Til: Rúnar Guðmundsson <runar@utu.is>  
Afrit: skipulag@skipulag.is, "Ásdís Hlökk Theodórsdóttir" <asdishlokk@skipulag.is>  
Efni: Re: Ósk um umsagnir. 1905077 - Úlfjótuvatn L170830; Slóðagerð og TTS flekkjun; Framkvæm  
Upplýsingar: Sent: 31-07-2019 14:38:52 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019070008, Bréfalyklar: 42-0 almennt

Tilvísun í mál: 2019070008

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Umhverfis- og tæknisviði uppsveita Árnassýslu, dags. 4. júlí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Skógræktarfélag Íslands um lagfæringu og lagningu vinnuslóða og TTS flekkjun fyrir gróðursetningu á Lofslagsskógi Kolviðar. Með erindinu fylgja, auk umsóknareyðublaðs, umsókn Skógræktarfélag Íslands dags. 23. apríl 2019, afstöðumynd af viðkomandi svæði þ.e. norðursvæði jarðarinnar Úlfjótuvatn og samningur um leigu á landi til ræktunar Kolviðarskóga. Samkvæmt samningi er um að ræða 110 ha land sem taka á til ræktunar og er leigusamningurinn til 70 ára.

Eins og kemur fram í gögnum málsins á að nýta landið til að rækta „Loftslagsskóg“ Kolviðar en með því er væntanlega átt við, sagt með einföldum hætti, að þeir sem vilja, þ.á.m. fyrirtæki og einstaklingar, geti keypt þá þjónustu af Kolviði að „samtökin“ planti trjám sem eiga með tímanum að taka upp jafnmikið af koltvíoxíði úr andrúmsloftinu og viðkomandi hefur losað í það, t.d. með akstri einkabifreiða eða með flugferðum. Með þessu á að mati Kolviðar að stuðla að kolefnisjöfnun þ.e. að jafn mikið verði bundið af koltvíoxíði og áður var losað út í andrúmsloftið.

Þessi aðferð er að mati margra góð leið til kolefnisjöfnunar og þar með náttúruvæn ef svo má að orði komast. Þar sem loftslagsbreytingar af mannavöldum eru taldar skaðlegar mætti ætla að aðferð sem þessi væri í heildina byggð á góðum gögnum og þá einnig þessi framkvæmd. Í gögnum málsins er hins vegar ekki að finna neinar upplýsingar um það land sem taka á til ræktunar, t.d. úttekt á vistgerðum, ekki kemur fram hvaða trjátegundir verði notaðar og ekki er að finna neinar upplýsingar í gögnunum hvernig kolefnisjöfnuður til framtíðar er reiknaður. T.d. eru engar upplýsingar um hvaða áhrif svokölluð flekkjun hefur þ.m.t. hvaða áhrif það hefur að breyta grónu landi, sem mikið kolefni er bundið í, með þeim hætti sem lagt er til. Engar upplýsingar eru um vöktun á svæðinu til framtíðar sem nota má til að sannreyna árangur kolefnisjöfnunarinnar með vísindalegum hætti og þar með t.d. sannreyna hvort sá einstaklingur sem hefur greitt fyrir kolefnisjöfnuð hafi í raun fengið „til baka“ það sem borgað var fyrir. Alvarlegast í þessu máli er þó að hér er lagt til að jafna út síðar kolefnislosun sem þegar hefur átt sér stað og er orðinn hluti af andrúmslofti jarðar og alls óvíst hvort það yfirleitt náist að ná fram kolefnisjöfnun til lengri tíma með þessum hætti. Þessi aðferð getur einnig haft neikvæð áhrif, þ.e. letjandi, til að minnka losun núna þar sem hægt er að jafna hana út síðar, sem þó engin víska er fyrir.

Við skoðun á vistgerðum á svæðinu kemur í ljós að umrætt land er vel gróið og megnið af því algróið, sjá meðfylgjandi samantekt Náttúrufræðistofnunar á vistgerðum/vistlendum á svæðinu. Tekið skal fram að landið var kortlagt með fjarkönnun og gætu því einstaka vistgerðir verið ofmetnar eða vanmetnar, þ.m.t. votlendi sem líklega er ofmetið, en svæðið hefur ekki verið skoðað á vettvangi.

Vistlendi	
Melar og sandlendi	2,85
Skriður og klettur	0,08
Moslendi	32,86
Votlendi	10,97
Graslendi	1,01
Mólendi	50,35
Aðrar landgerðir	0,67
	98,79

Umrætt land er búsvæði fjölda dýrategunda m.a. fugla og munu t.d. mófuglar missa töluvert búsvæði. Ekki kemur fram hvort eingöngu á t.d. að nota íslenskar trjátegundir og þar með í það minnsta reynt að endurheimta náttúruleg vistkerfi í leiðinni og þannig einnig reynt að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Það er vægt til orða tekið einkennileg aðferð að rífa upp algróið land til að planta t.d.

framandi tegundum sem hugsanlega geta orðið ágengar og haft bæði neikvæði staðbundin áhrif á t.d. búsvæði mófugla og jafnvel dreifst víðar. Eðlilegast væri að mati Náttúrufræðistofnunar að skógrækt með framangreind markmið færi fram í ógrónu landi eða landi sem þegar hefur verið raskað. Ólíkt við t.d. endurheimt votlendis til að binda kolefni (koma í veg fyrir frekari losun) þá er þar verið að endurheimta náttúruleg vistkerfi án þess að nýta t.d. framandi tegundir eða raska náttúrulegu landi sem er gert í t.d. þessu Kolvíðarverkefni.

Engin úttekt eða lýsing er á jarðmyndunum á svæðinu.

Fyrir utan að vegir eru sýndir á loftmynd er ekki sýnt skipulag af svæðinu og hvaða ræktun fer fram hvar heldur virðist eiga að flekkja eða rífa allt landið upp og planta í það. Það virðist því ekki fara fram neitt val um hvort sum svæði séu verðmætari en önnur og þau t.d. tekin frá sem ekki á að planta í.

Niðurstaða

Náttúrufræðistofnun telur framlögð gögn ekki vera verkefni Kolvíðar eða Skógræktarfélagi Íslands til framdráttar ekki síst þegar verkefnið í grunninn er hugsað sem hluti af náttúruvernd en þegar upp er staðið getur hugsanlega verið í andstöðu við eigin markmið þegar heildarmyndin er skoðuð. Á það skal bent að loftslagsbreytingar hafa áhrif á ýmsar plöntu- og dýrategundir, ekki hvað síst á norðurslóðum, og því er mikilvægt að fá heildarsýn á áhrif af verkefni Kolvíðar.

Þó lög um mat á umhverfisáhrifum tiltaki í 1. viðauka laganna að tilkynningarskylda um skógrækt skuli einungis ná til skógræktarsvæða sem eru 200 ha eða stærri eða á verndarsvæðum þá væri eðlilegt að skoða verkefni Kolvíðar í heild þar sem verkefnið hefur einn framkvæmdaraðila og sérstakt markmið, Markmið sem ekki er einfalt ef allar hliðar málsins eru skoðaðar en ekki einungis litið til bindingar á kolefni.

Ef heimasíða Kolvíðar er skoðuð, <https://kolvidur.is/verkefni/>, kemur í ljós að nú þegar eru í gangi verkefni á allt að 650 ha af landi og að verið er að kanna 6.500 ha svæði á Mosfellsheiði. Í síðunni kemur jafnframt fram að við Úlfjótsvatn er um að ræða tvö skógræktarsvæði Kolvíðar sem eru um 325 ha sem er langt yfir 200 ha. Það er því full ástæða til að skoða þetta mál í heild m.t.t. laga um mat á umhverfisáhrifum en Náttúrufræðistofnun er ekki kunnugt um að þessi svæði hafi verið tilkynnt til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.

Virðingarfyllst,



Úlfjótsvatn\_vistgerðir.xlsx

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is



Frá: Rúnar Guðmundsson <runar@utu.is>  
Dags: 07/04/2019 12:07:44 PM  
Til: "hsl@hsl.is" <hsl@hsl.is>, María Bjarnadóttir <mariabj@hsl.is>, "ust@ust.is" <ust@ust.is>, "fiskistofa@fiskistofa.is" <fiskistofa@fiskistofa.is>, "ni@ni.is" <ni@ni.is>  
cc: Stella Rúnarsdóttir <stella@utu.is>, Sigurður Hreinsson <sigurdur@utu.is>  
Efni: Ósk um umsagnir. 1905077 - Úlfjótuvatn L170830; Slóðagerð og TTS flekjun;  
Frankvæmdaleyfi

---

Sæl veriði.

Hér með er óska eftir umsögn ykkar vegna meðfylgjandi máls.

Gott væri að fá umsagnir sendar innan 4 vikna.

*Með góðri kveðju.*

*Rúnar Guðmundsson*

***Skipulagsfulltrúi***

cid:image001.png@01D4859F.C5E10620

**Umhverfis- og tæknisvið uppsveita Árnessýslu**

Dalbraut 12. Laugarvatni

Sími: 480 5550

Netfang: [runar@utu.is](mailto:runar@utu.is)

Vefsíða: [www.utu.is](http://www.utu.is)

